

Siðareglur Landssambands ungmennafélaga

FORMÁLI

Við, fulltrúar Landssambands ungmennafélaga (LUF) gerum okkur grein fyrir því að okkur er treyst fyrir mikilvægum hagsmunum og því fylgir ábyrgð sem við stöndum undir.

Reglur þessar taka til allra þeirra sem starfa fyrir LUF, svo sem stjórnarmanna, leiðtogaáðs, fulltrúa deilda, starfsfólks og annarra sjálfbóðaliða. Reglur þessar taka jafnframt til aðildarfélaga og áheyrnaraðildarfélaga LUF, stjórnna þeirra, starfsmanna og allra félagsmanna sem vinna þar við sjálfbóðastörf og hagsmunagæslu. LUF setur sér reglur þessar í því skyni að þjóna eftirfarandi tilgangi:

- Að opinbera þau gildi sem LUF starfar eftir til þess að styrkja ímynd félagsins, viðhalda og auka traust og trúverðugleika þess gagnvart aðildarfélögum, stjórnvöldum sem og almenningi.
- Styðja þá sem starfa fyrir LUF og í félögum undir regnhlíf félagsins með viðmiðum um siðferðislega ábyrgð sem á þeim hvílir umfram lagalegar skyldur til þess að efla gagnsæi, góða stjórnarhætti og fagleg vinnubrögð í þágu ungs fólks.

1. ÁBYRGÐ GAGNVART SAMFÉLAGINU

- 1.1. Við gerum okkur grein fyrir að við erum fyrirmyndir ungs fólks og sýnum því góða hegðun og gott fordæmi í starfi og sem samfélagsþegnar.
- 1.2. Upplýsingar sem við veitum skulu vera áreiðanlegar og gefa rétta mynd og samhengi þess sem verið er að kynna. Tryggja skal þar með skýran og réttan frétttaflutning til almennings.

2. ÁBYRGÐ GAGNVART UMHVERFINU

- 2.1. Við höfum umhverfissjónarmið að leiðarljósi í rekstri og sýnum gott fordæmi í umgengni við náttúru.
- 2.2. Við leitumst við að efla vistvænt ungmennastarf og styðjumst við viðurkenndar leiðbeiningar um sjálfbærni við skipulag viðburða.

3. ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG STARFSFÓLKS

- 3.1. Félög sem heyra undir regnhlíf LUF bera ábyrgð á að setja sér sértækari reglur í samræmi við áherslur sínar og starfsvettvang.

- 3.2. Stjórn og starfsmönnum eru kynntar þessar reglur í upphafi starfs síns fyrir félagið. Þeir staðfesta með undirskrift sinni að þeir fallist á að starfa eftir þessum reglum.
- 3.3. Öllum þeim sem koma að starfi félagsins ber að halda tryggð við markmið og orðstír þess. Við heitum því að:
 - 3.3.1. Koma fram af heiðarleika, sanngirni og virðingu gagnvart öllum þeim sem við störfum með eða fyrir.
 - 3.3.2. Leitast við að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi. Við látum kynferðislega áreitni né einelti aldrei viðgangast.
 - 3.3.3. Nýta ekki trúnaðarupplýsingar okkur til framdráttar né veita fyrirgreiðslu vegna persónulegra tengsla.
 - 3.3.4. Gæta trúnaðar og þagmælsku um það sem við fáum vitneskju um í starfi. Undanskilið er þegar um brot á barnaverndarlögum er að ræða.
 - 3.3.5. Stuðla að framgangi verkefna og sýna hvert öðru samstarfsvilja og stuðning.
 - 3.3.6. Taka lýðræðislegar ákvarðanir eftir að fyrirliggjandi upplýsingar hafa verið kynntar.
 - 3.3.7. Skrásetja og varðveita mikilvægar upplýsingar.
 - 3.3.8. Að fagna athugasemdum og uppbyggilegri gagnrýni á okkar störf og nýta slíkt til að gera betur.

4. ÁBYRGÐ GAGNVART FJÁRMUNUM

- 4.1. Meðferð fjármuna er samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum og endurskoðun reikninga er í höndum kjörinna skoðunarmanna og/eða löggiltra endurskoðenda.
- 4.2. Upplýsingar um fjárhag og rekstur eru gegnsæjar og kostnaðarhlutfall verkefna skal liggja fyrir.
- 4.3. Styrkja er aldrei aflað með ósiðlegum hætti og ávallt er skýrt til hvers fjár er aflað.
- 4.4. Stjórn og starfsfólk fer vel með þá fjármuni og önnur verðmæti sem þeim er trúað fyrir og hafa til umráða vegna ábyrgðarstöðu þeirra innan félagsins.
- 4.5. Allar færslur á fjármunum skulu skráð með viðeigandi hætti og gerðar tækar til endurskoðunar.
- 4.6. Stjórn og starfsfólk gætir ráðdeildar í daglegum rekstri og nota fjármuni aldrei nema í þágu félagsins.

5. ÁBYRGÐ LUF GAGNVART AÐILDARFÉLÖGUM

- 5.1. LUF starfar ávallt eftir stefnu, markmiðum og gildum LUF.
- 5.2. Við komum aldrei fram undir formerkjum LUF nema í því skyni að standa vörð um hagsmuni LUF.

- 5.3. LUF skal aðstoða og þjónusta aðildarfélög sín eins vel og kostur er.
- 5.4. LUF veitir aðildarfélögum sínum skýrar og áreiðanlegar upplýsingar fúslega og án tafa.
- 5.5. Stjórn og starfsmenn LUF bera ábyrgð á starfi sínu og sýna fulltrúum aðildarfélaga sinna virðingu og trúnað.
- 5.6. LUF mismunar ekki fólki á neinum grundvelli né misnotar aðstöðu sína á neinn hátt.
- 5.7. Opinberir forsvarsmenn LUF eru þverpólítískir, gæta hlutleysis í störfum sínum fyrir LUF og tala fyrir hagsmunum ungs fólks í heild sinni

6. VIÐBRÖGÐ VIÐ BROTUM Á REGLUM ÞESSUM

- 6.1. Vakni grunur um eða verði ljóst að reglur þessar hafi verið brotnar má hver sem þess verður var, tilkynna til skrifstofu LUF. Málið skal taka til meðferðar án tafa.
- 6.2. Brjótí aðili gegn reglum þessum skal viðkomandi bæta fyrir brotið í samræmi við afgreiðslu málsins. Stjórn getur vísað aðilanum úr starfi, tímabundið eða að fullu sé ekki hægt að bæta upp fyrir brotið.
- 6.3. Aðildarfélög LUF eiga kost á að ráðfæra sig við skrifstofu LUF þegar upp koma atvik sem talist geta brot á reglum þessum eða þegar vafi liggur á. LUF ber skyldu til að bregðast tafarlaust við slíkum beiðnum og aðstoða eins og unnt er.
- 6.4. Þess skal gætt að sá sem leggur fram upplýsingar um ætlað brot á reglum þessum beri ekki skaða af.

Samþykkt á þriðja leiðtogaráðsfundi LUF 14. júlí 2016.

Endurskoðað af Siðanefnd LUF og samþykkt á sambandsþingi 25. febrúar 2017.

Endurskoðað m.t.t. umhverfissjónarmiða og samþykkt 4. leiðtogaráðsfund 26. janúar 2020.

Samþykkt með breytingum vegna umhverfissjónarmiða á sambandsþingi 27. febrúar 2021.